Ævintýramaður sem fylgist lítið með klukkunni

Sagt var að Leifur Bremnes hefði eitt sinn á hreindýraveiðum á Grænlandi dregið hreindýrstarf tuttugu kílómetra leið. Reyndar var það ekki nema kannski einn kílómetri. Sögurnar eru skemmtilegastar þegar þær eru búnar að fara hringinn, segir hann. Leifur er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 14 og 15.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 10. apríl 2014 · 14. tbl. · 31. árg. ·Ókeypis eintak

Landað úr Júlíusi

Kaupa bát og kvóta til Bolungarvíkur

Mýrarholt ehf., í Bolungarvík hefur keypt togbátinn Margréti SH 177 frá Rifi. Fyrirtækið keypti einnig 12% aflahlutdeild í innfjarðarækju í Ísafjarðardjúpi. Guðmundur Einarsson útgerðarmaður í Bolungarvík á Mýrarholt ásamt Jóni Þorgeiri bróður sínum og sonum þeirra beggja. Guðmundur var í prufusiglingu á Breiðafirði þegar blaðamaður náði í hann. Aðspurður hvort frekari aflaheimildir en hlutdeildin í Djúpprækjunni hafi fylgt með í kaupunum segir Guðmundur svo ekki vera. „Því er nú verr og miður, það verður ekki ennþá í það minnsta," segir Guðmundur. Báturinn verður fyrst og fremst á rækju en Guðmundur segir að seinna komi í ljós hvort að önnur tækifæri opnist, til að mynda með dragnótarveiðar. Rækjukvótinn sem Guðmundur og félagar kaupa var áður á Matthíasi SH sem var á rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi í vetur. Báturinn hét áður Valgerður BA 45 Upp í kaupin fara tveir handfærabátar 7160. Ásdís ÍS 2 og 7388. Vísir ÍS 424. Margrét SH er smíðuð í Póllandi og kláruð hjá Ósey í Hafnarfirði árið 1999. Báturinn var skutlengdur árið 2008 og hefur áður borið nöfnin Friðrik Bergmann SH, Bára SH og Valgerður BA.

Báturinn áður en nafninu var breytt í Margréti. Mynd: Ingólfur Þorleifsson.

– smari@bb.is

Dæmdur í annað sinn fyrir vörslu barnakláms

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í 9 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir að hafa haft barnaklám í fórum sínum. Sami maður var dæmdur í 45 daga fangelsi árið 2008 fyrir samskonar brot er lögregla fann efnið á fartölvu piltsins á heimavist Menntaskólans á Ísafirði. Um var að ræða eina ljósmynd og 89 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfengin hátt, þar af ein hreyfimynd af barni í kynferðisathöfnum með dýri. Allt voru þetta myndir sem maðurinn hafði aflað sér á netinu og vistað í tölvu sína frá síðari hluta árs 2006 og fram í september 2007.

Í dómsorði kom fram að sumt af myndefninu teldist mjög gróft. Maðurinn játaði skýlaust sök fyrir dómi en tekið var tillit til ungs aldurs hans þegar refsins var ákvörðið en hann var 18 ára þegar brotið komst upp. Var því refsingin skilorðsbundin. Brot þau sem maðurinn hefur nú verið sakfelldur fyrir framdi hann eftir að skilorðstíma framangreinds dóms lauk og hefur hann því ekki ítrekunaráhrif.

Í þetta sinn var um mikinn fjölda mynda að ræða, að því er fram kemur í dómnum. Efnisins hafði verið aflað á löngum tíma, heildar afspilunartími þeirra myndskeiða sem fundust er um 102 klukkustundir og að miklu leyti er um gróft barnaklámefni að ræða, m.a. ljósmyndir og myndskeið af því þegar ung stúlkubörn eru beitt grófu kynferðislegu ofbeldi. Brot mannsins telst því stórfellt.

Maðurinn játaði brot sitt greiðlega og er það virt honum til málsbóta. Eins og áður segir er hann dæmdur í níu mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi hann almennt skilorð.

– harpa@bb.is

Húsasmiðjan/Blómaval leita að fjölhæfum og duglegum starfsmanni til framtíðarstarfa í verslun okkar á Ísafirði.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta byrjað strax.

Ábyrgðarsvið
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Aðstoð í Blómavali eftir þörfum
- Vöruframsetning

Hæfniskröfur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Sköpunarhæfileikar
- Samskiptahæfni

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking
Liðsheild
Áreiðanleiki

Umsóknir berist fyrir 14. apríl n.k. til umsokn@husa.is merkt 461
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhannes Kristjánsson johkri@husa.is, S: 660 3102
Öllum umsóknum verður svarað.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Útboð

Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir tilboðum í eftirtalin viðhaldsverkefni við Grunnskólann og Íþróttamiðstöðina.

A. Grunnskólinn

Endurnýjun glugga, hurða og glers í norður- og austurhliðum eldra húss Grunnskólans.

Fjarlægja skal timburglugga ásamt gleri og setja í staðinn PVC plastglugga með tvöföldu einangrunargleri og hurðir smíðaðar úr timbri.

Endurnýja skal samtals 21 glugga í norðurhlið skólans og 4 glugga og 2 hurðareiningar í austurhlið hans.

Verklok eru áætluð 20. ágúst 2014.

B. Íþróttamiðstöðin

Endurnýjun á fimm stórum gluggaeiningum og einni glugga- og hurðaeiningu í suðurhlið sundlaugarbyggingarinnar.

Fjarlægja skal timburglugga og hurðir ásamt gleri og setja í staðinn glugga og rennihurð úr áli með tvöföldu einangrunargleri.

Verklok eru áætluð 5. júlí 2014.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar,

Aðalstræti 12, Bolungarvík frá og með föstudeginum 11. apríl n.k.

Tilboð verða opnuð á sama stað föstudaginn 25. apríl 2014, kl. 11.00.

BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR.

Leggðu grunn að framtíðinni og Landsbankinn bætir 6.000 krónum við

Þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag inn á sama reikning. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Lok lok og læs

Fyrir um það bil fjórum mánuðum gerði BB misheppnaða einkavæðingu póstsins á Íslandi að umtalsefni og benti á að síðan einokunin var innleidd hafi póstleiðin legið í eina átt: linnulaus samdráttur og verðhækkanir, hverri póstafgreiðslunni á fætur annarri lokað, í besta falli holað niður hjá öðrum fyrirtækjum, svo sem bankaútibúum og sparisjóðum, þar sem svo heppilega vildi til að þeim hafði ekki verið lokað. Ekki er langt síðan fréttir um lokun bankaútibúa, einkum á landsbyggðinni, voru svo til daglegur viðburður.

Svefnlausar nætur reynast mörgum erfiðar. Af nýjustu fréttum að dæma má ætla að þær hafi margar verið hjá ráðamönnum Íslandspósts. Tap síðasta árs 119 milljónir. Margra ára árleg 5 króna hækkun burðargjalds á jólakortum hefur skammt hrokkið til að viðhalda stöðugleika í rekstri og lokun fjölda útibúa ekki dugað til. Slagsíðan á einokunarpóstþjónustunni, sem færa átti landsmönnum margfalt betri og ódýrari þjónustu en almenningi var talin trú um að gamla ríkisbáknið væri fært um, heldur áfram að aukast. Enn eina ferðina ákallar forstjóri Íslandspósts Póst- og fjarskiptastofnun um heimild til hækkunar á burðargjöldum og á sama tíma lætur hann þau boð út ganga að ætlunin sé að loka enn fleiri póstafgreiðslum á landsbyggðinni (auðvitað!) og fækka póstburðardögum.

Ekki ber á öðru en að strandsiglingarnar, sem teknar hafa verið upp að nýju, hafi staðið undir væntingum og sannað um leið þvílíkur löðrungur það var dreifbýlinu þegar þær voru lagðar af og öllum þungaflutningum beint á vegakerfið, sem engan veginn var í stakk búið að taka við þeim. Það axarskaft verður eins og svo mörg önnur ekki aftur tekið, og bætir ekkert að gráta Björn bónda, eins og komist var að orði forðum. Krafan sem eftir stendur er þó að ráðamenn læri af mistökunum og detti ekki hvað eftir annað oní sama pyttinn.

Rennur sá dagur einhvern tíma upp að stjórnvöld viðurkenna mistök einkavæðingar póstsins og segja hingað og ekki lengra. Verði obbanum af þeim fáu póstafgreiðslum sem enn tóra í dreifbýlinu lokað verður ekki hjá því komist að líta á það sem beina yfirlýsingu stjórnvalda um að allri aðkomu þeirra að póstþjónustu sér þar með lokið, að minsta kosti út um hinar dreifðu byggðir og þar með verði hver og einn Jóninn eða Gunnan, hvort heldur þau búa á Tálknafirði eða Raufarhöfn, sem senda vilja ættingja eða vini í öðrum landshluta jólapakka, sjálf að gera sér ferð með hann, eða treysta á að koma honum á einhvern sem „kann að eiga leið“ eins og títt var fyrr á tímum. Vera má að þegar þar að kemur kunni einhver, þrátt fyrir allt, að sakna ýkjusagnanna í Munkhásen stílnum um fleiri hundruð kílómetra ferðalag jólakorts yfir fjöll og firnindi, áður en það skilaði sér til viðtakanda í næsta húsi við pósthúsið. *s.h.*

Spurning vikunnar

Hvert ætlar þú í sumarfrí?

Alls svöruðu 397.
Innanlands sögðu 219 eða 55%
Erlendis sögðu 91 eða 23%
Ætla ekki í frí sögðu 87 eða 22%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Arnór Jónatansson skrifaði undir styrktarsamning Flugfélags Íslands og að vanda var skrifað undir á traustu baki Péturs Magnússonar. Flugfélagið hefur stutt hátíðina dyggilega frá upphafi.

Dagskrá AFÉS kynnt

Endanlegur hljómsveitalisti fyrir rokkhátíðina Aldrei fór ég suður, var kynntur á blaðamannafundi sem haldinn var á Ísafjarðarflugvelli í síðustu viku. Á fundinum voru einnig undirritaðir styrktarsamningar við helstu bakhjarla hátíðarinnar. Líkt og undanfarin ár verður enginn aðgangseyrir verður að hátíðinni í ár og er því um einstakan viðburð að ræða. Allt tónlistarfólkið sem kemur fram gefur vinnu sína, fjölmargir sjálfboðaliðar leggja hönd á plóg og fyrirtæki styðja vel við bakið á hátíðinni. Fyrrgreind atriði gera tónleikahöldurum kleift að sleppa því að rukka aðgangseyri. Helstu bakjarlar hátíðarinnar í ár eru Flugfélag Íslands, Landsbankinn, Orkusalan, Samskip og Orkubú Vestfjarða. Að vanda verður hátíðin haldin á Ísafirði um páskahelgina og munu tónleikarnir fara fram föstudaginn 18. apríl og laugardaginn 19. apríl.

Í ár líkt og þau fimm síðustu bjóða Kraumur-tónlistarsjóður og Aldrei fór ég suður uppá samræðugrundvöll tónlistarmanna auk annarra gesta um landslag tónlistar á Íslandi með ráðstefnu um rokk á Íslandi sem verið haldin föstudaginn langa. Síðustu ár hafa ráðstefnugestir tæpt á ýmsum málum og stungið á kýlum, m.a. hefur verið rætt um aðildarfélög eins og STEF, FTT, FÍH og fleiri, um stafræna útgáfu og um tónleikamenningu og textagerð. Í fyrra var stelpurokk tekið fyrir, var það afar vel heppnað og mörg spennandi verkefni rædd.

Tónleikarnir verða frá kl. 18 til miðnættis föstudaginn 18. apríl og laugardaginn 19. apríl í húsnæði Gámaþjónustu Vestfjarða á Grænagarði.

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri, sagði að stjórnendum Orkubúsins þyki viðeigandi að eiga í samstarfi við Aldrei fór ég suður, enda sér Orkubúið um stuðið!

Sævar Ríkharðsson, útibússtjóri Landsbankans en bankinn er meðal elstu vina Aldrei fór ég suður.

Hljómsveitirnar sem koma fram:
Retro Stefson
Helgi Björnsson og stórsveit Vestfjarða
Maus
Mammút
Grísalappalísa
Tilbury
Hermigervill
Sigurvegarar Músíktilrauna 2014
Dj. Flugvél og geimskip
Glymskrattinn
Highlands
Cell7
Contalgen Funeral
Rhytmatic
Markús and the Diversion Sessions
Lón
Kött grá pjé
Þórunn Arna Kristjánsdóttir og búgíband Skúla Mennska
Dusty Miller
Sólstafir
Lína Langsokkur
Hemúllinn
Rúnar Þórisson
Kaleo
Snorri Helgason

Vodafone RED er komið til Íslands

Ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi
í alla farsíma og heimasíma á Íslandi

Skiptu yfir í Vodafone RED á vodafone.is

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

Lokun Vísis á Þingeyri sýnir skort á samfélagslegri ábyrgð

Gísli Halldór Halldórsson, fráfarandi oddviti Sjálfstæðisflokksins bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, segir það hvernig Vísir hf. stendur að lokun fiskvinnslu fyrirtækisins á Þingeyri, sýni skort á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins. „Þessi ákvörðun hefði þurft að taka í samráði við þá aðila sem komu að því að Vísir hóf vinnslu á Þingeyri á sínum tíma," segir Gísli Halldór og á þá við Ísafjarðarbæ, Byggðastofnun og fleiri aðila sem gerðu samkomulag við Vísi um byggðakvóta sem fyrirtækið fékk til fjölda ára. „Byggðakvótinn sem þeir fengu í gegnum tíðina var umtalsverð búbót. Ég hef samninginn sem var gerður við Vísi ekki undir höndum en hef óskað eftir því að fá hann til að átta mig betur á hvernig að þessu var staðið."

Innan Sjálfstæðisflokksins hefur Gísli Halldór verið eins og hrópandinn í eyðimörkinni í andstöðu sinni við kvótakerfið. „Þetta sýnir fram á nauðsyn þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því að fiskveiðistjórnunarkerfið tryggi trausta atvinnu og byggð í landinu eins og því er ætlað samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða," segir Gísli Halldór og vísar í 1. grein laganna sem er svohljóðandi: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Gísli Halldór gerir alvarlegar athugasemdir við framkomu Vísis við verkafólk á Þingeyri í mörg ár. „Það er fyrir neðan allar hellur hvernig það hefur verið komið fram við verkafólk á þingeyri í mörg ár með lokunum fiskvinnslunnar í lengri og skemmri tíma þó að þetta sé náttúrulega reiðarslagið." Aðspurður um hvað bærinn geti gert til að bregðast við áformum Vísis segir Gísli Halldór að það eigi eftir að koma betur í ljós. „Það á eftir að fjalla um þetta formlega. Ég vona að við í bæjarstjórn fáum að eiga frekari aðkomu að málinu áður en öll kurl verða komin til grafar og þá í samstarfi við Vísi, Byggðastofnun og stjórnvöld."

– smari@bb.is

MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE
FJÖLMENNINGARSETUR

Fjölmenningarsetrið auglýsir eftir sérfræðingi

Helstu verkefni:

· Daglegur rekstur Fjölmenningarseturs.

· Samræming og samhæfing upplýsingamiðlunar og þjónustu við innflytjendur.

· Ýmis verkefni á sviði málefna innflytjenda er falla undir verksvið stofnunarinnar.

Menntunar og hæfniskröfur:

· Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

· Reynsla og þekking af verkefnastjórnun.

· Reynsla og áhugi á að vinna með fólki af ólíkum uppruna.

· Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

· Hæfni í mannlegum samskiptum.

· Góð kunnátta í íslensku og ensku. Færni í öðrum tungumálum er kostur.

· Þekking og reynsla af stjórnsýslu er æskileg.

Um er að ræða fullt starf og laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Starfsaðstaða er á Ísafirði. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Innflytjendur eru sérstaklega hvattir til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Elsa Arnardóttir í síma 450 3098. Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til Fjölmenningarseturs, merkt „Elsa Arnardóttir, starfsumsókn", Fjölmenningarsetur, Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði eða á netfangið elsa@mcc.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2014. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Flutningur fiskvinnslunnar á suðvesturhornið ekki það sem koma skal. Mynd úr safni.

Flutningur fiskvinnslunnar suður ekki framtíðin

Flutningur fiskvinnslufyrirtækja af landsbyggðinni á suðvesturhorn landsins er ekki það sem koma skal að mati Arnars Sigurmundssonar formanns Samtaka fiskvinnslustöðva. Þetta kemur fram í Morgunblaðinu. Vísir hf. tilkynnti fyrir helgi áform sínum að flytja alla fiskvinnslu fyrirtækisins til Grindavíkur og loka fiskvinnslum sínum á Húsavík, Djúpavogi og Þingeyri. Í tilkynningu frá Vísi sagði að ein ástæðan fyrir flutningunum væri miklar breytingar á erlendum mörkuðum og síauknar kröfur um ferskan fisk og sveigjanleika í framleiðslu. Fyrirtækið telur Grindavík kjörinn stað fyrir fiskvinnsluna meðal annars vegna nálægðar við alþjóðaflugvöll og útflutningshöfn.

Arnar svarar því til í Morgunblaðinu að hann telji ekki að í framtíðinni færi fiskvinnslan í landinu sig nær flugvellinum í Keflavík. „En aftur á móti eru landfræðilega ákveðin takmörk í þessum vegalengdum og það er þannig varðandi Húsavík. Þarna er um að ræða nokkuð hefðbundið frystihús sem væri, ef það væri nær, að leggja meiri áherslu á útflutning á ferskum flökum og flakastykkjum. Það er eflaust hluti af þessari ákvörðun hjá Vísi," segir Arnar. „Þetta er eiginlega ekkert ósvipað og hefur verið að gerast með frystitogarana, nú fækkar þeim og lögð er aukin áhersla á vinnslu í landi. Þar af leiðandi er lögð meiri áhersla á að vinna ferskan fisk til útflutnings með flugi."

Arnar segir það óvenjulegt að fyrirtæki séu með svo dreifða starfsemi eins og Vísir en vinnslan sé misjöfn á hverjum stað og nálægð við flugvöll ekki mikilvæg. „Það er ákveðin verkaskipting, sumstaðar er meiri áhersla á saltfiskverkun og annars staðar á frystingu en það er eins og sá þáttur sé að gefa eftir hjá Vísi af markaðsástæðum."

Ferskur fiskur er líka fluttur út með skipum og segir Arnar þann þátt vaxandi, flugið sé þó stór þáttur. „En það er hægt að keyra á nóttinni með það sem var unnið daginn áður og koma því á réttum tíma í flug. Ég sé ekki að flutningur fyrirtækja nær flugvellinum sé það sem koma skal, það er auðvitað margt annað sem ræður."

Arnar segir að hann sjái ekki fram á stórar breytingar í fiskvinnslunni. „Fólki í fiskvinnslu hefur frekar verið að fjölga og það kemur meira til út af því að menn eru að breyta frystitogurum í ísfisktogara sem þýðir meiri vinnu í landi. En útflutningur á ferskum flökum og flakastykkjum hefur verið mesti vaxtarbroddurinn í fiskvinnslunni núna undanfarin ár."

VORIÐ er komið

Í HÚSASMIÐJUNA OG BLÓMAVAL

Háþrýstidæla C105

10.995 kr.

~~14.995 kr~~

Háþrýstidæla C105.6-5
105bar,5m slanga.
5254249

Frábær hjól fyrir alla fjölskylduna

AUTHOR

Reiðhjól Energy
6 gírar Shimano Revoshift.
3899947

AUTHOR ENERGY

33.900 kr.

Reiðhjól 20"

AUTHOR

Reiðhjól Vectra
18 gírar Shimano Revoshift.
3899998

Author Vectra

32.900 kr.

Reiðhjól 26"

Gasgrill Weber

39.890 kr.

Q120 svart ferðagrill

Weber Q120
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244

Keðjusög

15.995 kr

~~18.895~~

Rafmagnskeðjusög 2000-40
Texas 2000W - 40cm blað.
Mjúkt grip, þyngd 4.5kg
5083575

Hekkklippur

9.995 kr

Rafmagns TEXAS 550W

Hekkklippur EH550
Texas 550W - 51cm blað.
Klippigeta 20 mm, þyngd 4.2kg
5083600

BLACK&DECKER

Hleðsluborvél

9.995 kr.

~~13.995 kr~~

Rafhlöðuborvél
Black&Decker EPC12CAB
2 rafhlöður
5245999

Gasgrill Omega

19.900 kr.

2 brennarar

Omega 100
Grillflötur 500x360mm,
Tvískiptur brennari
3000226

Páskagreinar

799 kr.

~~899 kr~~

Páskaliljur
Tet a tet

399 kr

~~479 kr~~

Hekkklippur

1.499 kr

Frábært verð

Hekkklippur
5084715

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Ríkisstyrkir til Vísis á Þingeyri hátt í 500 milljónir króna

Útgerð og fiskvinnsla Vísis á Þingeyri hefur fengið hátt í 500 milljónir króna í ríkisstyrki. Þetta kemur fram í svari Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, á Facebooksíðu Gunnars Tryggvasonar, ráðgjafa hjá KP MG áður aðstoðarmanns Oddnýjar Harðardóttur fjármálaráðherra. Gunnar beinir því til Daníels að Vísir hf. starfi á markaði í kapítalísku hagkerfi og skyldur þess séu einungis við hlutahafa fyrirtækisins.

„Þetta verða stjórnmálamenn að skilja, líka þeir sem telja sig hægra megin í litrófinu. Stjórnendur Vísis hafa nú tekið ákvörðun sem þeir telja hluthöfum sínum fyrir bestu. Þeir telja sig eiga auðlind sem m.a. syndir í sjónum við strendur Vestfjarða og hafa ákveðið að nýta hana frá Grindavík. Það er hrein rekstrarleg ákvörðun og líklega er hún skynsamleg út frá því sjónarhorni," skrifar Gunnar á Facebook.

Og bætir við að ekkert sé við eigendur Vísis að athuga ekki frekar en eigendur Kambs á Flateyri á sínum tíma eða útgerðarfélag Guðbjargar ÍS. „Allir þessir aðilar fara eftir þeim lögum sem sköpuð hafa verið um greinina. Hættum að benda á þá og horfum til hinna sem skapað hafa þessa lagaumgjörð," skrifar Gunnar.

Daníel svarar því til að honum þyki vel mega benda á stjórnendur Vísis í þessu máli. „Það þarf að hafa í huga í þessu hvernig aðkoma Vísis að Þingeyri kom til. Þar voru margir sem komu að og félagið hefur sennilega fengið hátt í 500 m.kr. að núvirði í ríkisstyrki þegar að fyrirtækið kom á Þingeyri árið upp úr árinu 2000. Það hlýtur þ.a.l. að vera hægt að gera þá kröfu að þeir sýni samfélagslega ábyrgð og skilji ekki byggðarlagið eftir í verri málum en þegar að þeir komu.

Í öðru lagi geri ég sömu kröfur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hvort sem að þau eru í sjávarútvegi eða öðrum greinum. Það er alltaf sú hætta að stór fyrirtæki geri breytingar á sínum högum og flytji sig um set þegar að aðstæður breytast. Það breytir því ekki að fyrirtæki þurfa að koma fram af sanngirni og í sátt við umhverfi sitt. Þannig hámarka þau að mínu mati hagnað sinn til lengri tíma," skrifar Daníel.

Þingsályktunartillaga um millilandaflug um Ísafjarðarflugvöll

Ellefu þingmenn úr öllum flokkum nema Pírötum og Bjartri framtíð hafa lagt fram tillögu á Alþingi um millilandaflug um Vestmannaeyja- og Ísafjarðarflugvöll. Í þingsályktunartillögunni er innanríkisráðherra falið að tryggja að á flugvöllunum verði búnaður og aðstaða nægjanleg til að hægt sé að sinna þaðan þaðan millilandaflugi með minni farþega- og fragtflugvélum og vélum í ferjuflugi sem hafa nú heimild til þess að fljúga um völlinn. Þingmennirnir telja ljóst að staðsetningar flugvallanna bjóði upp á mikla möguleika til aukinnar umferðar ferðamanna og telja að á Ísafirði eru möguleikar til að sinna þjónustu við fragtflug og við störf vísindamanna á austurströnd Grænlands.

Tillaga að þingsályktun um millilandaflug um Vestmannaeyja- og Ísafjarðarflugvöll er borin fram af þingmönnum úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki, Besta flokknum og Vinstri grænum. Þeir eru: Ásmundur Friðriksson, Haraldur Benediktsson, Vilhjálmur Árnason, Elín Hirst, Unnur Brá Konráðsdóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Páll Jóhann Pálsson, Jón Gunnarsson, Vilhjálmur Bjarnason, Páll Valur Björnsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

– smari@bb.is

Ísafjarðarflugvöllur.

Samgöngur á Vestfjörðum

Ísland er stórt land, en fámennt. Fólkið hefur safnast saman í landnámi Ingólfs Arnarsonar, sem valdi sér bústað í Reykjavík. Þar búa flestir og í næsta nágrenni. Vissulega hefur það marga og ótvíræða kosti þegar fólk þjappar sér saman í eina byggð, einkum fyrir þá sem það gera, skyldi maður nú ætla. En, og aftur en, fleiri búa á Íslandi en þeir sem sett hafa sig niður á því svæði sem afmarkað er póstnúmeri 101, í hverju flestir frambjóðendur til borgarstjórnar Reykjavíkur eiga lögheimili. Utan Reykjavíkur og næstu byggða, búa á annað hundrað þúsund manns sem eiga sér þegnrétt í íslensku samfélagi, líkt landnámsbúar nútímans í landnámi Ingólfs.

Engu að síður mætti ætla að þeir sem halda um stjórnvölinn viti stundum lítið af okkur hinum sem höfum valið búsetu utan Reykjavíkur og því minna því lengra sem við búum frá hinni rómuðu Reykjavík. Samfélag 325.000 manna þarf að standa saman og hluti þeirrar samstöðu er að fólk eigi samskipti hvert við annað, geti notið þjónustu og ýmissa samfélagslegra gæða. Til þess að svo megi verða þarf fólk að eiga möguleika á því að geta tekið þátt í samfélaginu og einnig að eiga þá kosti sem til þarf. Þá er ekki verið að tala um mannkosti heldur þá að geta farið og notið þess sem samfélagið býður þegnum sínum. Til þess þarf samgöngur í víðasta skilningi þess orðs, góða vegi með þjónustu allt árið, hafnir sem skip geta siglt á og flugvelli sem notast fólki. Við Vestfirðingar erum að mörgu leyti afskiptir hvað þetta varðar. Langt er að sækja til landnáms Ingólfs á bílum, dýrt með flugvélum þegar veður og aðstæður leyfa og skipin flytja ekki farþega, aðeins vörur.

Reyndar er það fagnaðarefni að strandsiglingar skuli upp teknar á ný. Þær tryggja ákveðið öryggi í völuflutningum og létta af vegunum miklum þunga, þótt bílar flytji áfram á þeim vörur. Margir í landnámi Ingólfs vilja ekki flugvöll í heimasveit sinni. Hann skal burt án þess að notendur séu spurðir. Ef til vill er það svo, að einhyrningum úr 101 finnist það óþarfi að vera að fá til sín gesti af Vestfjörðum eða að norðan og austan. En íbúarnir þar eiga rétt á þjónustu sem aðeins er veitt í Reykjavík, til dæmis heilbrigðiskerfisins. Hið brýnasta hér á Vestfjörðum er að bæta samgöngur innan fjórðungs og enn brýnna verður það er þjónusta ríkisins er að sameinast, bæði stjórnsýslu og heilbrigðiskerfisins. Þá dugar ekki heimspeki einhyrninga af kaffihúsum í landnámi Ingólfs.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Aðalnúmerin í bænum

Fimm bragðbestu páskaeggin eru frá Nóa Síríus, samkvæmt páskaeggjadómstóli DV 2014. Við þökkum móttökurnar. Njótið vel.

Hreint súkkulaði frá Nóa best að mati fullorðinna DV

GLEÐILEGA PÁSKA
NÓI SÍRÍUS

LYFJA
– Lifið heil

CLINIQUE DAGAR
í Lyfju Ísafirði
dagana 10.-16. apríl

Kaupaukinn þinn ef þú kaupir Clinique vörur fyrir 6.900 kr. eða meira dagana 10.-16. apríl.*

Sérfræðingur frá Clinique
verður í Lyfju fimmtudaginn 10. apríl
og aðstoðar þig við að finna
réttu snyrtivörurnar.

Kaupaukinn inniheldur:
DDML+ - gula kremið, 15ml
Superdefence CC cream SPF 30 - CC krem, litur light/medium, 7ml
7 day scrub cream - kornakrem, 30ml
High impact mascara - svartur maskari, 3,5ml
Falleg snyrtibudda

*Meðan birgðir endast.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

www.lyfja.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 140937

ski-doo LYNX

Forsala á SKI-DOO OG LYNX

vélsleðum 2015 árgerð

100 þús. í bensínúttekt!
Einn heppinn viðskipta-vinur sem pantar sleða vinnur gjafabréf

Verulegur afsláttur ef pantað er í apríl

Skelltu þér í Ellingsen og kynntu þér **2015 árgerðina af Ski-Doo og Lynx** á frábæru forsöluverði. Það hefur aldrei gefist betra tækifæri til að endurnýja sleðann.

SKI-DOO Freeride
154 800R E-TEC

2015 árgerð

2015 Freeride sleðinn er fyrir þá sleðamenn sem líta á sportið sem mikla áskorun við erfiðar aðstæður enda fátt sem er sleðanum ofviða. Hvort sem þú ert að vippa, stökkva stór stökk, klifra eða skera erfiðan hliðarhalla þá er Freeride rétti sleðinn við allar þessar aðstæður.

Vél:	ROTAX® 800R E-TEC®
Bensíntankur:	40 l
Rúmtak:	799,5
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	406 mm
Þyngd:	222 kg

FORKAUPSVERÐ
3.190.000 KR.
FULLT VERÐ 3.390.000 KR.

SKI-DOO Summit X
154 800R E-TEC

2015 árgerð

Hannaður með vana vélsleðamenn í huga sem vilja eyða meiri tíma utan slóða og vilja kraftmikinn sleða með nokkrum góðum „race"-fídusum.

Vél:	ROTAX® 800R E-TEC®
Bensíntankur:	40 l
Rúmtak:	799,5
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	406 mm
Þyngd:	208 kg

FORKAUPSVERÐ
2.895.000 KR.
FULLT VERÐ 3.190.000 KR.

LYNX BoonDocker
Re 3700 800R E-TEC (E)

2015 árgerð

Fyrir þá sem vilja harðjaxlinn í hópnum er PPS2 afturfjöðrunin sniðin að íslenskum aðstæðum. Lynx BoonDocker sameinar styrk, lipurð og áreiðanleika sem á sér vart hliðstæðu.

Vél:	ROTAX® 800R E-TEC®
Bensíntankur:	38 l
Rúmtak:	799,5
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	406 mm
Þyngd:	222 kg

FORKAUPSVERÐ
2.990.000 KR.
FULLT VERÐ 3.250.000 KR.

SKI-DOO Summit X T3
174 800R E-TEC

2015 árgerð

2015 Summit X 174 T3 sleðinn er lengsti fjalla-sleðinn til þessa. Frábær klifursleði og meðfærilegasti brekku- og hliðarhallasleði sem Ski-Doo hefur framleitt. Hann er tilvalinn í krefjandi landslagi þar sem lítið má út af bregða.

Vél:	ROTAX® 800R E-TEC®
Bensíntankur:	40 l
Rúmtak:	799,5
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	406 mm
Þyngd:	210 kg

FORKAUPSVERÐ
3.150.000 KR.
FULLT VERÐ 3.350.000 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Fíkniefnaleitarhundur til Ísafjarðar

Lögreglunni á Vestfjörðum hefur bæst liðsauki. Ríkislögreglustjóraembættið hefur látið lögreglunni á Vestfjörðum í té fíkniefnaleitarhund sem mun verða staðsettur á Ísafirði og þjónusta allt umdæmið. Hundurinn er af labradorkyni og ber nafnið Tindur. Hann hefur hlotið þjálfun hjá Steinari Gunnarssyni, yfirhundaþjálfara hjá ríkislögreglustjóraembættinu. Þórir Guðmundsson, lögreglumaður mun hafa hundinn í sinni umsjá og viðhalda þjálfun hans.

Fíkniefnaleitarhundur hefur ekki verið á Vestfjörðum frá því í nóvember 2011. En þá skilaði embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum fíkniefnaleitarhundinum Dollar til ríkislögreglustjóraembættisins. Ástæðan var fjárskortur vegna niðurskurðarkrafna fjárveitingavaldsins. Nú sér embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum fram á bjartari tíma og óskaði því eftir því að fá aftur í þjónustu sína fíkniefnaleitarhund.

Gaman er að geta þess að Tindur er sonur þess fíkniefnaleitarhunds sem áður var í þjónustu lögreglunnar á Vestfjörðum. Sá hundur bar heitið Dollar og hafði Jón Bjarni Geirsson, aðalvarðstjóri, yfirumsjón með þeim hundi. Með tilkomu Tinds sjá lögreglumenn á Vestfjörðum fram á mikla möguleika á auknu og markvissu fíkniefnaeftirliti í öllu umdæminu. – *smari@bb.is*

Þórir Guðmundsson lögreglumaður, Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn, Steinar Gunnarsson yfirhundaþjálfari hjá ríkislögreglustjóra með fíkniefnaleitarhundinn Tind.

Skólastjóri óskast

Laus er staða skólastjóra Súðavíkurskóla á næsta skólaári (2014-2015) vegna námsleyfis

Súðavíkurskóli er samrekinn grunn- leik- og tónlistardeild með samtals 35 nemendur. Samkennsla árganga er í flestum fögum. Í starfssviði felst fagleg stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri. Gert verður ráð fyrir kennslu á sérsviði umsækjanda í allt að 12 stundir á viku. Ráðingartíminn er eitt ár, frá 1. ágúst 2014 til 1. ágúst 2015. Laun eru samkvæmt kjarasamningum SÍ.

Súðavíkurskóli vinnur eftir skólastefnu uppbyggingarstefnunar, „Uppeldi til ábyrgðar“.

Nánari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri í síma 450-5900.

Hæfniskröfur:

· Kennsluréttindi á grunnskólastigi, framhaldsmenntun í sérkennslufræðum æskileg.

· Þekking og reynsla af stjórnun, fjármálum og rekstri.

· Góð samskiptahæfni, skipulagshæfni og þekking á verkferlum.

· Góð íslensku- og tölvukunnátta.

· Hreint sakavottorð.

Náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af leyfisbréfi fylgi umsókn.

Umsókn um starfið skal send bréflega til Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, 420 Súðavík, merkt: Fræðslu og tómstundanefnd.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2014.

Mat á umsóknum og forgangur til starfsins.

Við ráðningu verður tekið tillit til menntunnar, starfsferils, stjórnunarreynslu, viðbótarmenntunnar og starfshæfni umsækjanda. Grunnskólakennari sem hefur sérhæft sig til sérkennslu mun hafa forgang við ákvörðun um ráðningu.

Tígur og Vestfirskir verktakar með lægstu tilboð

Tígur ehf. bauð lægst í lagningu þrýstipípu Fossárvirkjunar í Engidal í Skutulsfirði og Vestfirskir verktakar buðu lægst í byggingu stöðvarhúss virkjunarinnar. Ný Fossárvirkjun var boðin út í fyrrasumar en öllum tilboðum hafnað þar sem þau voru yfir kostnaðaráætlun. Orkubú Vestfjarða breytti hönnun verksins áður en það var boðið út að nýju. Þrýstipípan var stytt, nýtt stöðvarhús fært nær núverandi stöðvarhúsi og útboðið tvískipt, en í fyrra voru lagning þrýstipípu og bygging stöðvarhúss í einu og sama útboðinu.

Lagningu þrýstipípunnar skal vera að fullu lokið í byrjun október 2014. Verklok byggingar stöðvarhúss eru áætluð 15. nóvember 2014 en bygging hússins skal þó vera það langt komin 15. ágúst að niðursetning vélar og búnaðar geti hafist.

Fimm tilboð bárust í lagningu þrýstipípunnar. Tilboð Tígurs var 73,2 milljónir en kostnaðaráætlun 88,7 milljónir. Hæsta tilboðið var frá ÍAV, 113,3 milljónir, en einnig komu tilboð frá Geirnaglanum, Gámaþjónustu Vestfjarða og Gröfuþjónustu Bjarna.

Fjögur tilboð bárust í byggingu stöðvarhússins. Tilboð Vestfirskra verktaka var 55,4 milljónir en kostnaðaráætlun 68,2 milljónir. Hæsta tilboðið var frá ÍAV, 89,2 milljónir, en einnig komu tilboð frá Geirnaglanum og Jóni Finnboga Gíslasyni.

Tilboðin verða nú yfirfarin og kemur fljótlega í ljós við hvern verður samið, en reiknað er með að samið verði við lægstbjóðanda.

Rétturinn til að nýta miðin tekinn af Vestfirðingum

„Enn einu sinni stöndum við Vestfirðingar frammi fyrir því að rétturinn til að nýta fiskimiðin hér undan landi hefur verið tekinn af okkur, og í núverandi kerfi er mjög erfitt að fara af stað með ný fyrirtæki í sjávarútvegi,“ segir Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans í Ísafjarðarbæ, um áformaða lokun fiskvinnslu Vísis hf. á Þingeyri. Hann vill að samningar Byggðastofnunar við Vísi verði skoðaðir.

„Menn hljóta að spyrja hvernig samningarnir voru við Byggðastofnun þegar Vísir fékk bæði húsnæði og byggðakvóta til að fara af stað með vinnslu á Þingeyri og hvort það er hægt að taka þá samninga upp að einhverju leyti og reyna að koma hlutunum aftur af stað, annað hvort í samstarfi við Vísi eða aðra,“ segir Sigurður.

Það er stutt í bæjarstjórnarkosn-ingar og Sigurður segir að atvinnumál í Ísafjarðarbæ og ástandið á Þingeyri hljóti að verða ofarlega í kosningabaráttunni. „Við viljum ekki upplifa sömu söguna á Þingeyri og á Flateyri 2007. Þessi dæmi sýna hvað atvinnuástandið er brothætt.“

Kambur hf. á Flateyri seldi skip og kvóta sex dögum eftir Alþingiskosningar 2007. Við það misstu 120 manns vinnu. Aflaheimildir Kambs voru um 3.000 þorskígildistonn. Sigurður segir ábyrgð þeirra sem hafa farið með atvinnumál í sveitarfélaginu í meira en áratug vera mikla og það sama gildi um stjórnmálaflokka sem tala fyrir kvótakerfinu og vilja engar breytingar gera á því.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus **Hamborgarhryggur**

BÓNUS **Pylsubrauð 5 stk**
& **Pylsur 10 stk** 485G

Bónus kornbrauð 1 kg.

Bónus 3ja kornabrauð 600g

BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sögurnar eru o
þegar

Leifur Bremnes er rétt að verða hálffimmtugur. Hann fluttist árið 1996 landsenda á milli eða frá Eskifirði til Súðavíkur og hefur átt heima á Vestfjörðum síðan, seinni árin á Ísafirði. Nafnið Bremnes er úr föðurættinni og kemur frá Noregi, en Leifur er íslenskur að þremur fjórðu. Faðir hans, Jörvar Bremnes, er norskur í sína föðurætt en móðir Leifs, Guðrún Helga Leifsdóttir, er íslensk.

Leifur er í miðjunni af þremur bræðrum, Jóhann Bremnes er eldri en Ingvar Bremnes yngri.

– Og hvers vegna að flytjast að austan og alla leið vestur í Súðavík?

„Ég ætlaði bara að vera eitt sumar í afleysingum í rækjuverksmiðju Frosta í Súðavík, en svo ílentist maður hérna fyrir vestan. Tíminn er fljótur að líða. Ég ætlaði að skoða svæðið hérna. Ég er bara ekki ennþá búinn að skoða allt."

Núna á Leifur heima ásamt fjölskyldu sinni að Skipagötu 11 á Ísafirði.

„Ég var búinn að eiga þetta hús nokkuð lengi en leigði það bara út. Svo þegar rækjuverksmiðjan í Súðavík hætti, þá fluttum við hingað á Ísafjörð."

Erfitt að segja nei

Þegar það kom til að taka viðtal við Leif Bremnes leitaði undirritaður dálítilla upplýsinga um manninn eins og venja er. Þar á meðal kom fram hjá einum viðmælanda að Leifur væri „hjálpfúsasti maður sem hægt er að hugsa sér".

„Það finnst mér nú nokkuð sterkt til orða tekið," segir hann. „En það er gaman ef maður getur hjálpað fólki. Þar fyrir utan er auðvelt að plata mig út í alls konar vitleysu! Mér finnst mjög erfitt að segja nei ef ég er beðinn um eitthvað."

– Þú lærðir köfun á sínum tíma, þú ert atvinnukafari.

„Já, ég fór til Skotlands og lærði köfun."

Röð tilviljana að lífi drengsins var bjargað

– Annað sem mér var sagt: Að þú hefðir stundum verið einstaklega óheppinn, en jafnframt líka heppinn. Ég heyrði að þú hafir fyrst „kafað" þegar þú varst smástrákur og verið bjargað frá drukknun. Er það rétt?

„Já. Mér hefur alltaf þótt gaman að sulla í vatni. Ég man ekki vel eftir þessu. Það var búið að búa til báta á tjörnina eða pollinn á Eskifirði og svo fór ég að prófa hvort þeir héldu mér, en síðan hefur bátnum hvolft. Svo komu foreldrar mínir og björguðu mér.

Venjulega var enginn að stressa sig þó að ég kæmi ekki í mat eða kæmi seint heim. En í þetta skiptið hafði mamma áhyggjur þegar ég kom ekki í hádegismatinn, svo að hún fór út að gá að mér. Þá var nýbúið að gefa mér eldrauða peysu sem ég var í, þannig að mamma sá strax hvar ég flaut þarna í pollinum. Faðir minn var nýbúinn að fara á námskeið í endurlífgun og byrjaði strax á henni.

Líka var hringt í lækninn á staðnum. Það var oft mikið að gera hjá honum og stundum var mjög erfitt að ná í hann. En þarna var hann kominn nánast um leið og búið var að leggja símtólið á. Síðan voru pabbi og hann til skiptis að reyna að koma lífi í mig aftur. Það var í rauninni röð tilviljana að ég skyldi hafa lifað en ekki dáið.

Núna er þessi pollur eða tjörn ekki til lengur, það er búið að byggja þar yfir. Það var gaman að vera þarna á skautum á veturna."

Ekki mikið að horfa á klukkuna

– Einhvern tímann týndistu í nokkra daga á Mývatnsöræfum, var mér sagt.

Leifi Bremnes gengur erfiðlega að muna eftir þessu.

„Maður var nú oft eitthvað að flækjast einn og eitthvað að vesenast. Ég var ekki alltaf að flýta mér heim og ekki duglegur að láta vita af ferðum mínum. Var ekki mikið að horfa á klukkuna."

– Var farið að leita að þér?

„Nei, það hefur aldrei verið leitað að mér, til þess að gera."

Synti eftir gúmmítuðrunni

– Þú fórst eitt sinn í skútuferð til Grænlands með Rafni Pálssyni, sem Ísfirðingar og fleiri þekkja vel.

„Já, ég fór smáferð með honum. Það var skemmtileg ferð, alveg ofsalega gaman."

– Í punktunum mínum segir að þið hafið lent í mjög slæmu veðri og misst frá ykkur gúmmítuðruna, og þú hafir hent þér í sjóinn og náð í hana.

„Sögur eru oft orðnar skemmtilegar þegar þær eru búnar að fara heilan hring! Langskemmtilegastar svoleiðis!" segir Leifur og hlær.

– Hvernig er þessi saga þá í raun og veru?

„Skútan lá bara við akkeri inni á vík á Grænlandi og við fórum þrír í land en Rabbi og frú voru eftir um borð í skútunni. Svo bundum við ekki bátinn þegar við skildum hann eftir í fjörunni. Þegar við lítum til baka er báturinn kominn á rek meðfram fjörunni. Við vildum ekkert fara að vekja þau hjónin um borð, mér fannst þetta svo lítið mál. Ég fór bara úr fötunum og synti og náði í bátinn.

Ég var nýbúinn að vera í sjónum, hafði verið að kafa undir kjölinn á skútunni og vissi alveg hvernig straumar voru og hvernig sjórinn var. Mér fannst þetta ekki neitt stórt mál en þeim félögum mínum fannst mikið ævintýri að horfa á þetta."

Einn kílómetri varð að tuttugu kílómetrum

– Var ekki erindið til Grænlands að fara á hreindýraveiðar?

„Jú, við fórum á hreindýraveiðar, það var æðislega gaman. Við vorum þarna eitthvað um viku á veiðum, minnir mig. Þetta var haustið 2009."

– Þetta hefur væntanlega verið á austurströndinni. Voruð þið eitthvað í sambandi við hreindýrabóndann íslenska sem þar býr og hefur lengi verið að reyna að fá leyfi fyrir hreindýrabúskap á Íslandi?

„Við áttum að vera í sambandi við hann, en það stóðst ekkert af því sem hann sagði. Það var allt uppspunnið og svikið. En þetta reddaðist allt saman og ferðin var ævintýri."

– Einn af punktunum hjá mér er þannig, að þið hafið skotið tarf og þú hafir svo dregið hann tuttugu kílómetra leið.

Sælkerar vikunnar eru Kristjana Magnúsdóttir og Guðni Borgarson á Ísafirði

Kjúklingasullumbull og páskaterta

Þessi kjúklingaréttur sem boðið er upp á hérna er réttur sem við skelltum saman með hálfgerðu fikti í eldhúsinu. Útkoman kom okkur á óvart og hefur því fylgt okkur síðan.

Kjúklingur í sósu og pasta

1 poki af kjúklingabringum
1 og ½ krukka af saty sósu. (Eins má nota butty chikken sósu í réttinn og þá samsvarandi magn af henni.)
1/3 poki af pasta skrúfum
2 pokar af rifnum osti.

Kjúklingabringurnar skornar í bita og steiktar á pönnu. Pastað sett í pott og soðið. Sósan er sett út á pönnuna þegar kjúklingabitarnir eru að verða steiktir og látið malla í nokkrar mínútur í viðbót. Vatnið sigtað af pastaskrúfunum og þeim bætt saman við kjúklinginn á pönnuni og vellt saman við sósuna. Síðan er þetta sett í eldfast form og rifna ostinum stráð yfir. Síðan sett í 180 gr. Heitan ofn og eldað þar til osturinn er orðinn bráðinn og byrjaður að brúnast.

Borið fram með góðu sallati og eins er mjög gott að bera fram kartöflumús með.

Þar sem páskarnir eru í nánd, viljum við bjóða upp á ykkur upp á tertu sem hefur fylgt fjölskyldu heimilisföðursins í áraraðir.

Páskaterta með tilbrigðum

4 Egg
1 og 1/2 dl. Sykur
1 dl. Hveiti
1 dl. Kartöflumjöl
2 tsk. Lyftiduft
1 tsk. Vanyllusykur eða dropar

Egg og sykur þeitt vel saman. Þurrefnunum síðan blandað saman við. Passið að hræra ekki of lengi því þá verður kakan klesst. Hellt í 25 cm stórt smelluform eða 2 venjuleg form. Kakan er bökuð neðst í 200 gr. Heitum ofni í 30 til 35 mínútur. Síðan er hún tekin úr forminu og látin kólna. Skerið kökuna í sundur þannig að verði 2 botnar.

Fylling

½ l. Rjómi
1 pakki af Royale jarðaberjabúðingi

Þeytið rjómann og gerið búðinginn samkvæmt leiðbeiningum. Blandið svo vel saman við þeittan rjómann og sett á milli.

Þeytið loks ¼ l. Rjóma til að setja utan á kökuna og sprautið smá yfir til skrauts.

Við skorum á vinafólk okkar þau Sigríði Línberg Runólfsdóttur og Halldór Margeir Sverrisson í Bolungarvík um að vera næstu sælkerar.

rðnar miklu skemmtilegri þær koma til manns aftur

Núna ætlar Leifur Bremnes aldrei að geta hætt að hlæja, en segir svo:

„Já, sögurnar eru miklu skemmtilegri þegar þær eru komnar til manns aftur.“

– Þetta hafa þá ekki verið tuttugu kílómetrar, kannski ekki nema fimmtán?

„Þetta hefur kannski verið einn kílómetri. Tarfurinn var passlega þungur, ég þurfti ekkert að hluta hann í sundur, auk þess var þetta niður í móti. Eins til tveggja ára ungtarfur er ekki nema um áttatíu-níutíu kíló þegar búið er að taka innan úr honum. Þetta gekk mjög vel. Valur Richter sem var með í þessari ferð var með brotna löpp og Rabbi var með tognaða löpp, svo að þeir áttu ekki gott með þetta.“

Skúta Rafns Pálssonar er alvöru seglskúta, sú stærsta á Íslandi, að sögn Leifs. „Það fer mjög vel um mann um borð,“ segir hann.

Vill helst ekki skjóta teistuna

– Stundarðu annars mikið veiðar? Þú nefndir að veiðimaðurinn þekkti Valur Richter hefði verið félagi þinn í þessari ferð.

„Valur veiðir allt sem hreyfist! Mér finnst mjög gaman að veiða og ekki síst að ná mér í soðið, bæði svartfugl og annað.“

– Áttu þá bát til að fara út á sjó til að veiða svartfugl?

„Já, ég á lítinn bát sem ég get skotist á.“

– Hvaða tegundir veiðirðu helst?

„Það eru helst langvía og álka, þessir stærri fuglar.“

– Ekki teista?

„Mér finnst hún bara svo skemmtilegur fugl að ég vil helst ekki skjóta hana. Teistan er svo gæf og kemur alveg upp að bátnum.“

Þegar hér er komið sögu í spjallinu berst talið að fólki sem er algerlega á móti þeirri villimennsku að drepa dýr sér til matar. Menn geti bara farið í búðir og keypt sér villibráð. Þetta finnst Leifi Bremnes fyndið, eins og fleirum. „Hvaðan kemur villibráðin ef hún er ekki veidd?“

Lærði fyrst köfun í Reykjanesi

– Þú sagðist hafa lært köfun í Skotlandi. Af hverju lærðirðu köfun?

„Ég hafði bara verið svo mikið að kafa. Ég hef verið að kafa síðan ég var sautján ára. Þá eignaðist ég fyrsta kafaragallann.

Svo kom ég hingað vestur í Reykjanes að læra sportköfun þegar ég var að verða átján ára. Þetta var feikna ferðalag hingað vestur. Ég var yngsti strákurinn á þessu námskeiði, en ég þurfti að gera allt eins og hinir fullorðnu, það var engin miskunn.

Svo lærði ég reykköfun 1992 hjá Slökkviliðinu á Eskifirði, hélt áfram hjá Súðavíkurhreppi og endaði í Sandö 2003 sem vara-slökkviliðsstjóri.“

Torfæra á Hellu varð að Formúlu eitt í Bandaríkjunum

– Einn punkturinn enn: Að þú hafir einhvern tímann skroppið til Bandaríkjanna til að fylgjast með kappakstri í Formúlu eitt, en síðan hafi orðið úr þessu hálfs árs ferðalag um Bandaríkin.

„Það var nú skemmtileg ferð en hafði ekkert með Formúlu eitt að gera. Þetta byrjaði reyndar á því að ég og eldri bróðir minn ætluðum að fara suður á Hellu þar sem var torfærukeppni á breyttu jeppunum. Vetrarvertíðin var búin og ekkert að gera framundan. Svo enduðum við Jóhann bróðir í Bandaríkjunum og ég kom aftur heim hálfu ári seinna.

Svo fórum við aftur seinna og vorum sextán mánuði. Við tókum Alaska, Kanada þvert, 46 af 50 ríkjum Bandaríkjanna og svo Mexíkó.“

– Hvernig stóð á þessu?

„Eins og ég sagði, þá er klukkan ekki alltaf höfð til hliðsjónar þegar ég er að ferðast. Við bræðurnir vorum bara að flækjast um Bandaríkin, fengum okkur bíl sem við sváfum í, lítinn pickup. Við opnuðum á milli aftur á pallinn og sváfum þar. Svo fórum við á mótel einstaka sinnum til að skola af okkur og þrífa okkur. Á tjaldstæðum þar sem við vorum var líka oftast hægt að fara í sturtu.“

– Voruð þið þá ekki að fara á neinn kappakstur vestra?

„Nei, við vorum bara að skoða okkur um. Þegar við vöknuðum var bara keyrt af stað. Svo þegar við vorum orðnir þreyttir eða sáum eitthvað sniðugt, þá bara stoppuðum við. Bara að hafa gaman af þessu.“

Af hverju ekki?

„Reyndar var ég búinn að fara eina ferð þangað út áður, eitthvað þremur árum fyrr. Hún stóð í hálft ár. Ég var að verða átján ára þegar ég fór. Í þeirri ferð var líka Helgi Leifsson frændi minn. Ég á frænda í Kaliforníu og við heimsóttum hann. Þetta var líka bara af því að okkur datt þetta í hug.

Rétt eins og þegar ég fór með skútunni. Þá var ég bara spurður hvort ég vildi koma með til Grænlands, og ég svaraði: Af hverju ekki?“

Köfunin er aðalstarfið

– Þú hefur verið að kafa fyrir Hraðfrystihúsið-Gunnvöru?

„Já, meðal annars. Það eru fjórir-fimm aðilar í sjávareldi sem ég hef verið að þjónusta. Það hafa verið talsverðar sveiflur í þessu.“

– Ertu í einhverri fastri vinnu fyrir utan þetta?

„Nei, ég er bara í köfuninni að aðalstarfi, en hef verið í aukavinnu með.“

Jón Guðbjartsson og pólitíkin á Íslandi

Grazina eiginkona Leifs er pólsk og hann á tvær fósturdætur og fjögur afabörn. Grazina vinnur í rækjuverksmiðjunni Kampa á Ísafirði. Leifur Bremnes fer miklum viðurkenningarorðum um Jón Guðbjartsson í Kampa.

„Hann er andskoti þver og duglegur að geta haldið rækjunni gangandi. Ísafjarðarbær má sannarlega þakka fyrir það sem hann er búinn að gera. Líklega átta sig ekki allir á því hvað það kemur mikið af tekjum inn í samfélagið hérna af svona fyrirtæki. Auk þess gerir hann mjög vel við fólkið sem hjá honum starfar.“

Og Leifur bætir við þegar málefni rækjuveiða og rækjuvinnslu ber á góma:

„Mér finnst pólitíkin á Íslandi stundum mjög skrítin.“

Umsóknin aldrei skoðuð

– Þú hefur fengist við hundaþjálfun.

„Já. Núna á ég tvo Labradorhunda. Þeir eru nokkuð vel agaðir hjá mér. Þegar ég var í Súðavík var búið að lofa mér að ég myndi annast meindýraeyðingu fyrir hreppinn og ég fékk mér hund til að vera með í því. En pólitíkin er mjög skrítin, eins og ég sagði, og það varð ekkert úr þessu. Þeir bara settu umsóknina mína ofan í skúffu og gleymdu henni svo í skúffunni. Hún var aldrei skoðuð. En ég var með hundinn og þjálfaði hann til minkaveiða.“

– Hefurðu eitthvað verið með Val Richter í minkaveiðunum hjá Ísafjarðarbæ?

„Nei, en ég hef stundum farið með honum. Það munar svo miklu að vera tveir. Það kemur adrealínkikk þegar hundarnir finna minkinn og ekki er vitað hvert hann fer.“

Gott og hjálpfúst fólk hérna fyrir vestan

Þegar Leifur Bremnes er spurður að hefðbundnum hætti hvað hann vilji segja að lokum, þá stendur ekki á svarinu:

„Hvað það er gott fólk hérna fyrir vestan. Allir svo almennilegir og hjálpfúsir þegar á reynir.“

Ívilnanir við Vísi hlaupa á hundruðum milljónum króna

Fiskvinnsla Vísis hf. á Þingeyri hefur frá árinu 2000 til dagsins í dag fengið 1.300 tonna byggðakvóta. Þetta kemur fram í minnisblaði Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um áhrif áformaðrar lokunar Vísis á Þingeyri. Miðað við meðal leiguverð á þorsktonni frá árinu 2000 sem hefur verið um 170.000 kr. á tonnið, er byggðakvótinn búinn að vera rekstrarlegur stuðningur sem meta má á 11-17 milljónir kr. á ári eða á bilinu 130-190 milljónir kr. frá árinu 2000 til dagsins í dag.

Ef í upphafi hefði verið fjárfest í kvóta er stuðningurinn ígildi fjárfestinga að upphæð 150-240 milljónir króna. Íbúafjöldi hefur verið tiltölulega stöðugur á undanförnum árum og hefur haldist í um það bil 265 íbúum. Öflug atvinnustarfsemi hefur skapað störf og má því segja að gagnsemi byggðakvótans birtist í tilfelli eins og Þingeyrar. En á sama tíma þá sést hversu viðkvæmur undirliggjandi rekstur er þar sem þörf er á byggðakvóta til að halda úti rekstri.

Starfsstöð Vísis á Þingeyri má rekja til stofnunar fiskvinnslunnar Fjölnis. Í almennri umfjöllun um málið var töluvert rætt um aðkomu stjórnvalda og Byggðastofnunar en í ársreikningum Byggðastofnunar kemur fram að Byggðastofnun lagði til félagsins 100 m.kr. í hlutafé í rekstur Fjölnis sem síðar var yfirtekið algerlega af Vísi. Ef tekið er tillit til verðlags og ofangreindra upphæða um verðmæti byggðakvóta og hlutafé er núvirt þá má gera ráð fyrir því að opinberar ívilnanir og aðgerðir hafi numið um 450-700 m.kr. frá árinu 2002.

Ljóst er af sögunni að margt hefur verið gert til þess að tryggja starfsemi á Þingeyri. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækis eins og Vísis er því mikið enda hefur grunnur starfsstöðvarinnar á Þingeyri byggst upp á hlutafé og ívilnunum frá hinu opinbera.

– smari@bb.is

Lokun Vísis á Þingeyri mun leiða til hnignunar byggðar.

F.O.S. Vest.

Aðalfundur

Aðalfundur Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum verður haldinn á Hótel Ísafirði, mánudaginn 28. apríl nk. kl. 20:00.

Dagskrá: Venjulega aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn og nýta málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt.

Að fundi loknum verður boðið upp á kaffiveitingar. Hið árlega ferðaávísanalottó verður á sínum stað.

Stjórnin.

Endurnýta leikmyndina frá 1984

Þessa dagana er Litli leikklúbburinn á Ísafirði að setja upp leikverkið „Þið munið hann Jörund“ eftir Jónas Árnason, í leikstjórn Víkings Kristjánssonar, leikara, leikstjóra og fiskverkanda á Suðureyri. Áætlaður frumsýningardagur er 12. apríl. Heil fjölskylda er að æfa tónlistina í verkinu en það Jón Hallfreð Engilbertsson, kona hans Helga. S. Snorradóttir og börn. Þá er verið að endurnýta leikmynd sem LL notaði í uppsetningu sama verks árið 1984.

„Hún fannst í geymslu í Netagerðinni, og búin að vera þar síðan sýningum lauk 1984. Stráheil með þykku lagi af ryki. Þegar ég og Halla gjaldkeri vorum að leita að styrkjum fyrir afmælisverkefnið okkar, tjáðu þeir Snorri og Magni hjá Fjarðaneti okkur að það lægi alltaf einhver leikmynd í geymslu hjá þeim, eitthvað skip. Ég spurði hvort þetta væri ekki bara leikmyndin úr Jörundi síðan ’84 og það passaði. Svo var farið í að redda lyftara til að ná þessu niður. Stuttu síðar er hringt í mig seint á mánudagskvöldi. Þá er það ungur maður sem spyr hvort ég hafi eitthvað með LL að gera. Ég segi jú. Þá segist hann vera að leita að fallbyssu sem var notuð í leikritinu Þið munið hann Jörund á Dalvík. Þá hafði pabbi þessa manns smíðað þessa fallbyssu ásamt leikmyndasmiðnum,“ segir Steingrímur Rúnar Guðmundsson formaður LL. Leikmyndin var keypt af Leikfélagi Dalvíkur árið 1984, og fallbyssan fylgdi með.

„Við fórum svo og sóttum leikmyndina og þar fylgdi fallbyssan með. En þessi maður frá Dalvík fær svo að varðveita þessa fallbyssu eftir að sýningum lýkur hjá okkur. Ég hef ekki fengið það staðfest ennþá, en við höldum að þessi leikmynd hafi verið smíðuð fyrir Iðnó. Þetta er á hjólum og hægt að snúa þessu á alla kanta og er því margnota,“ segir hann.

– harpa@bb.is

Framtíð fyrir brothættar byggðir

Byggðastofnun hefur frá árinu 2012 staðið fyrir verkefninu „Brothættar byggðir“ þar sem unnið er að bættri stöðu byggðarlaga í vanda með víðtæku samstarfi við íbúa, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og fleiri aðila.

Meginmarkmið verkefnisins á hverjum stað eru skilgreind af verkefnisstjórn á grundvelli umræðna og forgangsröðunar á íbúaþingum sem ætlað er að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt. Nánari verkefnislýsingu má finna á vef Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Verkefnið nær nú til Bíldudals í Vesturbyggð, Breiðdalshrepps, Raufarhafnar í Norðurþingi og Skaftárhrepps en svigrúm er til þess að færa verkefnið út til nokkurra fleiri byggðarlaga. Umsókn þarf að vera sameiginleg frá sveitarfélagi, landshlutasamtökum sveitarfélaga/atvinnuþróunarfélagi og íbúasamtökum, þar sem þau eru til staðar.

Umsóknum skal skila til Byggðastofnunar fyrir 15. maí næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður K. Þorgrímsdóttir, þróunarsviði Byggðastofnunar, s. 455 5400 og netfang, sigga@byggdastofnun.is.

BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00 postur@byggdastofnun.is
Fax 455 54 99 byggdastofnun.is

Páskatilboð

frá **4.990** kr. á dag.*

Við bjóðum úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla á páskatilboði. Veldu góða þjónustu og mundu að við erum á 16 stöðum um land allt.

Kynntu þér málið og bókaðu á

www.holdur.is

* Innifalið er 50 km á dag, Vsk og CDW kaskótrygging.
Tilboðið gildir frá 10. - 30. apríl 2014

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

1974 - 2014
40 ára

ÍST ISO 9001 · ÍST ISO 14001

Bílaleigubílar innanlands og erlendis
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is

Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	Dauður	Hugur / Fyrirtæki → / Sálma-bók			Hreyfing Sjónvarp / Aðsjála	Dauði / Tónn		R.vík	Forn-saga	
Máls-háttur											
Versni Kraftur									Stór / Spela		
Veikur								Dans / Tala			
Einn		Óskýr framburður Sólguð / Upp brekku									
Málmur / Rang-mæli / Frá ↓				Umbúðir / Gera hænur				Enskur titill / Kölska			Vanar
						Eins um 2 eins / Naglar					
					Rændi / Tónn						
Vitleysa / Endast									Samt / Reglu-söm Stór		
			Stoppunál Bruðla / Vafi Fiskur								
Löngun / Verslun					Gjald-eyrir / Siður						
				Drusla Spurn							
Sælöður								Þrýsti-eining / Urgur			
Reið Svínssíða Slokkna / Óður ↓	Öfug röð	Röð / Eins um S				Ljómar / Ætt	Hristi				Angra
Óvissan Fugl											

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
ÁSINN
2x10 lítra á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm
Sími: 456 3710
gamarvest.is

Sportið í beinni...

Fimmtudagur 10. apríl
kl. 19:00 Benfica - AZ Alkmaar
Laugardagur 12. apríl
kl. 14:00 Crystal P - Aston Villa
kl. 14:00 South.ton - Cardiff
kl. 14:00 Fulham - Norwich
kl. 14:00 WBA - Tottenham
kl. 14:00 Stoke - Newcastle
kl. 16:00 Wigan - Arsenal
kl. 18:00 Granada - Barcelona
kl. 20:00 Real M. - Almeria
Sunnudagur 13. apríl
kl. 13:00 Liverpool - Man. City
kl. 15:00 Swansea - Chelsea
kl. 15:00 Hull - Sheffield Utd
kl. 17:00 Getafe - Atletico M.
Mánudagur 14. apríl
kl. 19:00 Reading - Leicester

Dagar Íslands

10. apríl 1990: Boeing þota af gerðinni 757-200m sú fyrri af tveimur sem Flugleiðir festu kaup á, kom til landsins. Henni var gefið nafnið Hafdís.
11. apríl 1970: Minkarækt hófst að nýju hér á landi þegar 900 læður komu með flugvél frá Noregi og fóru í minkabú á Kjalarnesi.
12. apríl 1919: Átján manns létu lífið í snjóflóðum við Siglufjörð. Eitt flóðið eyðilagði síldarverksmiðju sem talin var ein sú fullkomnasta á landinu.
13. apríl 1844: Jón Sigurðsson var kosinn á þing í fyrsta sinn á kjörfundi sem haldinn var í kirkjunni á Ísafirði. Hann hlaut 50 atkvæði af 52. Alþingi kom saman 1. júlí 1845 og var Jón yngstur þingmanna, 34 ára gamall.
14. apríl 1963: Hrímfaxi, flugvél Flugfélags Íslands, fórst við Osló í Noregi. Tólf manns týndu lífi og voru flestir Íslendingar.
15. apríl 1990: Eldur kom upp í ammoníaktanki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Sunnan og SA 10-15 M/s og rigning eða slydda og síðan SV 10-15 og slydduél um kvöldið. Hiti 1-8 stig.

Horfur á laugardag:
NA-átt með éljum, einkum norðanlands. Kólnandi veður.

Horfur á sunnudag:
Vestlæg eða breytileg átt. Víða skúrir eða él, en úrkomulítið A-lands. Hiti 0-7 stig.

Lausn á síðustu krossgátu

			H	Ú	S	H	J	Á	L	P
			Jón Steingr.		S		A			E
			⇨	⇩	T	Á	L	M	A	Đ
	⇩	H			R	I	N	D	I	L	L
H	É	L	A		Æ	R	I	N		K	U
	G	Ú	L	I	N	N		A	P	A	R
	⇩	I		M	U	D	Á	R		N	
	B	R	E	L	L	I	N		S	N	Ý
	A		F	Á	A		A	N	K	A	R
E	Đ	J	A	N	U	N	D	N	I		A
	⇩	U	M		S	Á	R	I	N	U	
	H	R	Á	B	⇩	M	A	Đ	U	R	Ó
K	A	T	L	A	R		G	R		R	S
	N	I		U	A	U		A	S	S	A
E	N	N	I	N	U	L	A	G	L	E	G
	⇩	A	Đ	⇨	S	L	Á	⇩	A	N	A
V	A	R	I	N	N		B	A	G	A	N

Sudoku þrautir

5			3				7	
			6	9	5			8
		9	8			4		
							3	2
		6				7		
9	1							
		5			7	8		
4			9	6	3			
	9				2			7

8			1				7	
				6				
7					5	2		4
		7		2			8	6
1								9
9	4			3		5		
3		4	6					2
				1				
	8				4			7

Marzellíus í fyrsta sæti

Framsóknarfélag Ísafjarðarbæjar samþykkti einróma á fjölmennum félagsfundi í gærkvöldi, tillögu uppstillingarnefndar að lista flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Efsta sætið skipar Marzellíus Sveinbjörnsson á Ísafirði, Helga Dóra Kristjánsdóttir í Önundarfirði skipar annað sætið og Sólveig Sigríður Guðnadóttir á Ísafirði skipar þriðja sætið. Gísli Jón Kristjánsson á Ísafirði og Barði Önundarson á Ísafirði skipa tvö næstu sæti.

Aðrir á listanum í réttri röð eru Elísabet Samúelsdóttir Ísafirði, Jón Reynir Sigurðsson Þingeyri, Rósa Helga Ingólfsdóttir Ísafirði, Gauti Geirsson Ísafirði, Martha Sigríður Örnólfsdóttir Önundarfirði, Sigfús Þorgeir Fossdal Ísafirði, Violetta María Duda Suðureyri, Jón Sigmundsson Ísafirði, Svanlaug Guðnadóttir Ísafirði, Steinþór Auðunn Ólafsson Dýrafirði, Þorleifur K. Sigurvinsson Suðureyri, Konráð G. Eggertsson Ísafirði og Sigurjón Hallgrímsson Ísafirði.

Daníel efstur hjá sjálfstæðismönnum

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 31. maí, hefur verið samþykktur af fulltrúaráði. Í fyrsta sæti er Daníel Jakobsson, viðskiptafræðingur á Ísafirði, annar er Jónas Þór Birgisson, lyfsali í Hnífsdal, þriðja er Kristín Hálfdánsdóttir, rekstrarstjóri á Ísafirði, í fjórða sæti er Martha Kristín Pálmadóttir, lýðheilsufræðingur á Ísafirði og í því fimmta er Sif Huld Albertsdóttir, þroskaþjálfi á Ísafirði.

Í næstu sætum koma þau Steinþór Bragason, tæknifræðingur á Ísafirði, Hildur Elísabet Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Ísafirði, Stefanía H. Ásmundsdóttir, skólastjóri á Þingeyri, Ingólfur H. Þorleifsson, vélstjóri á Suðureyri, Ívar Kristjánsson, verkefnastjóri á Flateyri, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, íþróttafræðingur á Ísafirði, Þórir Karlsson, framhaldsskólanemi á Ísafirði, Arna Ýr Kristinsdóttir, leikskólakennari á Ísafirði, Davíð Sighvatsson, framhaldsskólanemi frá Dýrafirði, Þórdís Jónsdóttir, hárgreiðslumeistari á Ísafirði, Regína Huld Guðbjarnadóttir, framhaldsskólanemi frá Suðureyri, Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri á Ísafirði og Óli M. Lúðvíksson, skrifstofustjóri á Ísafirði.

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is
66°N SEXTÍU OG SEX NORÐUR
Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

GÁK HÚSASMÍÐI EHF
Öll almenn húsasmíði
Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060
Umboðsaðili fyrir GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala 456 3800
Bílaverkstæði 456 4580
BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
Suðurgötu 9

Kampi EHF
Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

BETRA BAK FRÁ FERMINGU TIL FULLORÐINSÁRA

HEILSUSAMLEG GJÖF Á GÓÐU VERÐI!

30% FERMINGAR AFSLÁTTUR SERTA CROWN PLUS

Verðdæmi:
Serta Crown Plus
heilsurúm
120x200 cm frá kr.
FERMINGARTILBOÐ
114.800

Vaxta-
lausar afb.
í 12 mánuði*
10.067
SERTA CROWN PLUS
120x200 cm

Serta®

Serta Crown Plus

- Vandað 5 svæðaskipt pokagormakerfi.
- Steyptar kantstyrkingar.
- Betri aðlögun.
- Hægt að snúa.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 32 cm.

RÚMFÖT, SÆNGUR OG KODDAR – MIKIÐ ÚRVAL – GOTT VERÐ!

TURIFORM
Sængurföt
FERMINGARTILBOÐ
FRÁ KRÓNUM
6.295

WINTERTIME
sæng 30% dúnn
og 70% smáfiður
1000 gr. 140x200 cm
FERMINGARTILBOÐ
12.669

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga kl. 12⁰⁰-18⁰⁰
og laugardaga kl 11⁰⁰-13⁰⁰